



Jólagjöf úr geimnum



Hubble geimsjónaukinn hjálpar okkur að komast í jólaskapið með þessari nýju litríku ljósmynd. Gasslæðurnar sem dansa á myndinni minna á skínandi borða í geimnum, svipaða þeim sem maður vefur utan um jólagjafir. Ef þú snýrð myndinni á hvolf lítur borðinn út eins og risavæxið S — eins og í Sveinkil!

Það sem hér sést er í raun og veru hringboka: Glóandi ský úr gasi og ryki. Þetta fyrirbæri er ekki aðeins fallett heldur sýnir það örlög sólarinnar okkar í framtíðinni.

Eftir um fimm milljarða ára verður sólin komin á nýtt stig í ævi sinni: Rauða risastigið. Þegar sólin klárar eldsneyti sitt, þenst hún út og verður rauð risastjarna, hundrað sinnum stærri en hún er nú. Svo stór byrjar hún að missa ytri lögin sín frá sér og blása þeim út í geiminn. Gasið og rykið sem sólin varpar frá sér myndar þá glæsilega geimpöku. Þannig varð hringbokan á myndinni til.

Til að gera sér stærð þessarar þoku í hugarlund, er gott að skoða litlu efniskekkina á myndinni. Hver þeirra er álíka stór og sólkerfið okkar! Og þótt stjarnan í miðju þokunnar sé á stærð við jörðina, sést hún aðeins sem lífill ljósdepill á miðri mynd. Sérðu hana, vafna innan í gas- og rykborða eins og jólagjöf?

COOL FACT

Talandi um jólin, hefurðu heyrt um „Betlehemsstjörnuna“ í sögunni um fæðingu frelsarans? Kristnir trúa því að hún hafi verið björt stjarna sem boðaði fæðingu Jesú Krists. Hvort sem þú ert trúuð/trúaður eða ekki telja stjörnufræðingar sig hafa fundið út, að þetta biblíulega tákni hafi verið Júpíter og Venus og mjög þétt saman á himninum! Báðar þessar reikistjörnur skinu mjög skært yfir Miðausturlöndum, nóttina sem Jesú á að hafa fæðst.

